

KJARVALSSTAÐIR



PÓLSK PLAKÖT
MAI - JÚNÍ
1976

Á forsíðu : " Wozzek" eftir Alban Berg.
Plakat eftir J. Lenica.

Kjarvalssstaðir eru þakklátir sendiráði
Póllands fyrir ágæta fyrirgreiðslu og
sérstaklega Antoni Szymanowsky sendiráðs-
ritara fyrir sérstaka greiðasemi.

ÞRÓUN PÓLSKRAR PLAKATAHEFDAR

Annað hvert ár fer Alþjóðlegi plakatbiennalinn fram í Varsjá í Póllandí og ekki að ástæðulausu, því pólsk auglýsingahönnun og plakatagerð hefur lengi verið talin standa öðrum framar sökum sérstakrar smekkvísi og listrænnar útsjónarsemi. Plaköt hafa verið hönnuð í Póllandí frá því fyrir aldamót, en vöktu ekki verulega athygli alþjóðlega fyrr en í kringum 1920 og má segja að pólsk plakatahefð hafi fyrst slegið f gegn árið 1925, þegar alþjóðleg sýning á hönnun og skreytilist sem haldin var í París, veitti þrem pólskum plakatasmiðum, þeim Czajkowski, Gronowski og Stryjenska, sín æðstu verðlaun.

Plakatagerð í Póllandí á fyrstu áratugum þessarar aldar tók lengi mið af hvelfdum línum og fléttungum Art Nouveau hreyfingarinnar í öðrum Evrópulöndum, en sá skreytistíll var í hugum pólskra hönnuða aldrei að skilinn frá þjóðernistilfinningum þeirra og baráttu fyrir sjálfstæði. Til dæmis komu helstu plakatahönnuðir jafnan saman undir nafninu " Unga Pólland ". Einna skýrust koma þessi Art Nouveau áhrif fram í plakötum Mehoffers (1869-1946) og Axentowicz (1859-1938). Síðan kom kúbisminn til sögunnar og breytti formhugsun plakatagerðar eins og annarra listgreina. Kúbísk áhrif eru rík í plakötum

Henryk Berlewi (1894-1968). Þjóðfélagsmúrót fyrri heimstyrjaldar og andspyrnulist Dada hreyfingarinnar báru hvorutveggja ávöxt í ljósmyndaklippamyndum (photomontage) róttækra plakathönnuða eins og Szczuka (1898-1927).

Milli heimstyrjaldar bar einna mest á plakötum Tadeusz Gronowski (f.1894) sem hóf pólska auglýsingahönnun og plakatagerð upp í fyrsta flokks tjáningar og fjölmíslunarform og eru verk hans jafnan sýnd í handbókum um fjölmíslun sem dæmi um áhrifaríka auglýsingahönnun. Eftir heimstyrjöldina síðari blómstraði plakatagerð í Póllandí og pólskir hönnuðir á þessu sviði hafa nú hlotið æðstu verðlaun á hverri list og plakatsýningunni eftir annarri, - í vfn 1948, Ljubljana 1963, São Paolo 1963 og 1969, auk þess sem pólderjar hafa oftsinnis hlotið fyrstu verðlaun á Varsjárbiennalinum, 1966, 1968, 1970 og 1972.

Helstu einkenni á pólskri plakatahönnun og jafnframt ástæðan fyrir hinum viðurkenndum listrænu yfirburðum hennar er það að grafískra listamanninum einum er ekki falin hönnun plakats, heldur er það unnið í nánu samstarfi við listmálara, arkitekta og aðra listamenn. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að í Póllandí er ekki litið á plakatahönnuð sem auðmjúkan þjón þess sem auglýst er hverju sinni, heldur er hann hvattur til þess að vinna plakat sitt eins og sjálfstætt myndverk og nota það sem tilefni til þess að segja eitthvað um umhverfi sitt og

tilveru. Tilfinningalegur kraftur og myndrænt afl pólskra plakata er síðan afleiðing af harðri lífsbaráttu þeirra og stöðugri baráttu fyrir þjóðlegum verðsetum andspenis fjandsamlegum erlendum öflum.

Einna hæst ríss pólsk plakatahönnun á árunum eftir 1950 og í henni sjáum við pólska sögu, menningu og hugsun yfirfærða í sanna albýðulist, götulist sem allir vegfarendur skildu, - án þess að listrænu gildi sé varpað fyrir róða. Til þess að ná sambandi við albýðuna hafa pólskir plakatahönnuðir virkjað látleysi og einfaldleika þwendalistar og tengt hana hinum hörðu "fúnkís" línum nútímans. Litstyrkur hefðbundinna "kilim" ábreiðna blandast leik með fífingerða tóna og nostursamleg nákvæmnisteikning sprettur skyndilega út úr frjálslegum, "tassískum" vinnubrögðum, - einfeldni og flúr fara saman á áhrifamikinn hátt.

Sérstaklega er eftirtektarvert hið nána samstarf leikflokkja og plakathönnuða, - en bróðurpartur þessarar sýningar er sprottinn upp úr slíku samstarfi. Í því tilfelli tekst góðum hönnuði oft að skapa myndverk sem er nánast ný táknað túlkun á því leikverki sem verið er að sýna hverju sinni. Nætaekt daemi eru plaköt Tomaszewskis hér á sýningunni, t.d. leikhúsplakat hans fyrir hið meinheðna absúrdverk "Hadrian VII", sem fjallar um lostafullan gervipáfa með mikilmennskubrjfálmeði. En þar sem Tomaszewski notar hrein, einföldi form, eru plaköt annars hönnuðar, Waldermar Swierzy, frjáls og skynrænt hugsuð

listaverk með þungum tilfinningalegum undirtón.

Flestir þeir hönnuðir sem unnið hafa plaköt fyrir leikhús eða kvíkmyndir, hafa haldið sig við hefðbundna graffiska tækni og málaravinnubrögð, en sumir yngri listamanna hafa þó farið inn á aðrar brautir, tam. þau Mroszczak og Krauze sem nýtt hafa ljósmyndatækni á áhrifamikinn hátt, t.d. í plakatinu "Yfirheyrslan" eftir Kafka.

Hin aukna fjölmiðlun sfjári ára hefur losað plakatið undan þeirri kvöð að þurfa að miðla fjölda upplýsinga á einu bretti. Við þetta hefur þýðing plakatsins að vísu breyst nokkuð, en hinsvegar hefur þetta gert hönnuðinu kleyft að gera plakat að persónulegra myndverki og fara út í allskyns form tilraunir. En pólsk plaköt eru sérdeilis merkilegt daemi um listform sem nýtir bestu graffisku tækni sem völ er á, vinnur með margræð og breytileg tákni og fágaða formhugsun, en höfðar þó strax og dyggilega til almennings.

A.I.

Listi yfir plaköt :

0. Upplýsingaplakat fyrir sýninguna.
1. Anon. - Kvíkmyndaklúbbur fyrir unglinga
2. M. Urbaniec - Leikhús : Balletsýning
3. H. Hilscher - Ljósmyndasýning
4. L. Holdanowicz - Plakat fyrir leikhússamkeppni

- | | | | |
|------------------------------|---|----------------------------------|---|
| 5. J. Gruszczynski | - "Hjólið um Pólland" | 30. H. Tomaszewski | - Óperetta : "Leðurblakan" eftir Strauss |
| 6. M. Urbaniec | - Leikhús : "Caprice" eftir Musset | 31. H. Tomaszewski | - Leikhús : "Július Sesar" eftir Shakespeare |
| 7. J. Furga | - Bókaklúbbur | 32. H. Tomaszewski | - Leikhús : "Hadrian VII" eftir Luke |
| 8. A. Majewski | - Ballet : "Öskubuska" eftir Prokofiev | 33. W. Gorka | - Óperetta : "Anyuta" eftir Milutín |
| 9. W. Freudenreich | - Vísindakeppni | 34. O. Axer | - Óperetta : "Maður frá La Mancha" |
| 10. J. Młodozeniec | - Upplestrarképpni (ljóðlestur) | 35. J. Młodozeniec | - Leikhús : "Gísl" eftir Behan |
| 11. D. Zukowska | - Sirkús | 36. W. Swierzy | - Leikhús : "Aðeins ögn" eftir Jerzyna |
| 12. M. Wasilewski | - Sirkús | 37. M. Nowinski & J. Mikolajczak | - Bókaklúbbur |
| 13. B. Bocianowski | - Sirkús | 38. L. Holdanowicz | - Ópera : "Tosca" eftir Puccini |
| 14. M. Chwedczuk | - Leikhús : Verk eftir Norwid | 39. J. Mroszczak | - Ópera : "Bóris Gódunov" eftir Musorgsky |
| 15. A. Krauze & M. Mroszczak | - Leikhús : "Systurnar þrjár" eftir Chekhov | 40. J. Neugebauer | - Badminton |
| 16. R. Cieslewicz | - Ópera : "Il Trovatore" eftir Verdi | 41. H. Tomaszewski | - Plakatasýning |
| 17. J. Grabianski | - Flugfélag Póllands "LOT" | 42. J. Młodozeniec | - Ópera : "Konsúllinn" eftir Menotti |
| 18. J. Treutler | - Skíðakeppni | 43. J. Młodozeniec | - Ópera : "Maestro di Capella" eftir Cimarosa |
| 19. A. Lustyk | - Þjóðlagakeppni | 44. W. Swierzy | - Ópera : "Roger kóngur" eftir Szymanowski |
| 20. J. Lenica | - Ópera : "Electra" eftir R. Strauss | 45. Anon. | - Leikhús : "Passió Dr. Fáustusar" eftir Sito |
| 21. L. Holdanowicz | - "Anava" Jazzhljómsveit | 46. A. Krauze & M. Mroszczak | - Leikhús : "Yfirheyrslan" eftir Kafka |
| 22. Zelek | - Reiðhjólakeppni | 47. A. Majewski | - Ópera : "Onegin" eftir Tschaikowsky |
| 23. A. Cetnarowski | - Sirkús | 48. Anon. | - Ballet : "Júlia og Rómeó" eftir Matuszczak |
| 24. H. Hilscher | - Sirkús | | |
| 25. T. Jodłowski | - Sirkús | | |
| 26. H. Tomaszewski | - Sýning á fþróttaplakötum | | |
| 27. L. Holdanowicz | - Leikhús : "Ríkharður III" eftir Shakespeare | | |
| 28. A. Lustyk | - Þjóðlagahátfö | | |
| 29. W. Gorka | - Óperetta : "Brosandi land" eftir Lehar | | |

